

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrú Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 3. nóvember kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 891. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Jóhanna Guðjónsdóttir og Ragnheiður Sigvaldadóttir, Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir, Karen Gyða Guðmundsdóttir og Harpa Dögg Kristinsdóttir sátu fundinn milli kl. 09:00-10:00.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Brynja Kemp Guðnadóttir, Laufey Björg Sigurðardóttir, Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, Þórður Már Sigfússon, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sigríður Maack og Sigríður Lára Gunnarsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Depluhólar 8, íbúð kjallara** (04.641.7) Mál nr. BN061682
Skjalnr. 13112
Brynja Þrastardóttir, Depluhólar 8, 111 Reykjavík
Sveinn Elías Elíasson, Depluhólar 8, 111 Reykjavík
Ósk Norðfjörð Þrastardóttir, Depluhólar 8, 111 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. nóvember 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að grafið hefur verið út úr sökkulrýmum í kjallara, gerðir gluggar á þrjár hliðar og innréttuð íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 8 við Depluhóla.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Grjótháls 10, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.300.101) Mál nr. SN220665
Skjalnr. 11928
Bón og þvottastöðin ehf., Grjóthálsi 10, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Bón og þvottastöðvarinnar ehf., dags. 19. október 2022, um breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 10 við Grjótháls sem felst í aukningu á nýtingarhlutfalli lóðar og hækkun hússins um eina hæð, samkvæmt uppdr. TAG teiknistofu, dags. 18. október 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Hátún 12, (fsp) fjölgun íbúða** (01.234.0) Mál nr. SN220555
Skjalnr. 5122
Sjálfsbjörg landssamband hreyfi, Hátúni 12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. október 2022 var lögð fram fyrirspurn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, dags. 12. september 2022, um að breyta tveimur hæðum í húsinu á lóð nr. 12 við Hátún þar sem áður voru hjúkrunardeildir í íbúðir fyrir hreyfihamlaða, samkvæmt tillögu ASK Arkitekta ehf. dags. 30. september 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 1. nóvember 2022, samþykkt.

4. **Sundagarðar 10, (fsp) uppbygging** (01.335.4) Mál nr. SN220642
Skjalnr. 5675
Sigurður Hallgrímsson, Stórakur 7, 210 Garðabær
Mata hf., Sundagörðum 10, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. október 2022 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar, dags. 9. október 2022, ásamt minnisblaði, dags. 7. október 2022, um uppbyggingu á lóð nr. 10 við Sundagarða, samkvæmt tillögu Nordic dags. 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju. *Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samráði við skipulagsfulltrúa, á eigin kostnað. Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022.*
5. **Sogavegur 3, stækkun lóðar** (01.810.9) Mál nr. SN220189
Skjalnr. 9759
Djúpidalur ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Djúpadals ehf. dags. 30. mars 2022 um stækkun lóðarinnar nr. 3 við Sogaveg, samkvæmt uppdrætti K.J.ARK ehf. dags. 22. mars 2022. Einnig eru lögð fram mæliblað og hæðarblað gefin út í apríl 2011. Jafnframt er lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, Landupplýsingardeildar, dags. 2. júní 2022 ásamt breytingarblaði og mæliblaði dags. 2. júní 2022. Erindi var grenndarkynnt frá 26. september 2022 til og með 24. október 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Guðrún Högnadóttir dags. 13. október 2022, Rannveig Jónsdóttir dags. 18. október 2022, Björgvin Jónsson og Elín Sumarrós Davíðsdóttir dags. 21. október 2022 og Jónas Leifsson og Ingi Leifsson dags. 24. október 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Gelgjutangi, breyting á deiliskipulagi** (01.428) Mál nr. SN220636
Skjalnr. 5626
Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. október 2022 var lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 6. október 2022 um breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 1 vegna Gelgjutanga. Í breytingunni sem lögð er til felst að afmörkuð er lóð fyrir dælubrunn fráveitukerfis ásamt því að gerður er byggingarreit fyrr dælubrunn, samkvæmt uppdr. dags. 29. september 2022. Erindinu er vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs til afgreiðslu.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.
7. **Kjalarnes, Prestshús, Lögbýlisskráning** Mál nr. SN220700
Skjalnr. 10165
Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík
Lagt fram erindi Unnarstígs ehf., dags. 2. nóvember 2022, um umsögn skipulagsfulltrúa um umsókn um stofnun lögbýlis á jörðinni Presthús á Kjalarnesi. Lagt fram bréf LEX lögmannsstofu dags. 26. september 2022.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

8. **Lambhagavegur 33, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (02.645.1) Mál nr. SN220651
Skjalnr. 13676
Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Byggingafélags Gylfa og Gunnars hf., dags. 13. október 2022, ásamt bréfi, dags. 10. október 2022, um breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegur, Halla vegna lóðarinnar nr. 33 við Lambhagaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilað verði að vera með kjallara undir húsnaðinu sem nýttur yrði sem bílastæði eða lager, samkvæmt uppdr. Archus arkitekta dags. 10. september 2022.
Vísað til umsagnar verkefnastjóra.
9. **Reynisvatnsás, malarstígur, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN220697
Skjalnr. 9123
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 31. október 2022 um framkvæmdaleyfi vegna gerðar malarstígs fyrir neðan Reynisvatnsáshverfis og uppúr Reynisvatnshverfinu. Einnig lagðir fram uppdr. VSÓ ráðgjafar og Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 13. apríl 2022.
Vísað til umsagnar verkefnastjóra.
10. **Grundarhús 14-24, breyting á deiliskipulagi** (02.842.2) Mál nr. SN220416
Skjalnr. 14642
Andrzej Lukaszewicz, Grundarhús 14, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lögð fram umsókn Andrzej Lukaszewicz dags. 30. júní 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Húsahverfis vegna lóðarinnar nr. 14-24. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir garðskála á lóð. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.
11. **Sólvallagata 68, breyting á deiliskipulagi** (01.134.5) Mál nr. SN220289
Skjalnr. 13575
Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík
Sólvallagata 68, húsfélag, Sólvallagötu 68, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 16. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturvallareits vega lóðarinnar nr. 68 við Sólvallagötu. Í breytingunni felst að komið er fyrir nýjum byggingareit fyrir gróðurhús á lóð, samkvæmt uppdr. Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 15. maí 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. september 2022 til og með 3. október 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Aldís Snorradóttir og Njörður Sigurjónsson dags. 6. september 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. október 2022.
Vísað til umhverfis-og skipulagsráðs til afgreiðslu.
12. **Rökkvatjörn 1, Br. erindi BN058533 - Gæfutjörn 10 - Færsla djúpgáma (mhl.03) - bílastæði** (05.051.601) Mál nr. BN061624
Skjalnr. 14362
Hans Olav Andersen, Hávallagata 21, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. október 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. október 2022 þar sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058533, bílgeymslu og djúpgámum, þ.e. færa staðsetningu djúpgáma nær götu í stað þriggja bílastæða við norður lóðarmörk, fjölgað bílastæðum á þaki bílgeymslu í inngarði, afmarkað svæði á lóð til afnota fyrir verslunarrekstur í húsi nr. 10 við Gæfutjörn á lóð nr. 1 við Rökkvatjörn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, 3. nóvember 2022, samþykkt.

13. **Sæviðarsund 78-82, (fsp) bæta við** (14.11) Mál nr. SN220661
íbúðarhús á lóð Skjalnr. 14721
 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf., dags. 17. október 2022, ásamt minnisblaði dags. 17. október 2022 um að koma fyrir forsmíðuðu 70-80 fm íbúðarhúsi á lóð nr. 78-82 við Sæviðarsund.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Urðarbrunnur 19, Einbýlishús** (05.053.604) Mál nr. BN061581
 Skjalnr. 14719
 Hannes Örn Ívarsson, Friggjarbrunnur 53, 113 Reykjavík
 María Lena Heiðarsdóttir Olsen, Friggjarbrunnur 53, 113 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. október 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt, pallað, tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, aðkomuhæð á 2.hæð í húsi lóð nr. 19 við Urðarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. nóvember 2022, samþykkt.
15. **Brautarholt 6, Breytingar 1. og 2. hæð** (01.241.204) Mál nr. BN060766
 Skjalnr. 11547
 Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, innrétta 6 íbúðir á 2. hæð, innrétta geymslur í austurhluta 1. hæðar, breyta gluggum á báðum hliðum, gera svalir á götuhlið og gera flatt þak á bakhús og gera þar svalir og aðkomu fyrir íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Brautarholti 4a, 7, 8, Skipholti 5 og 7, þegar uppfærðir uppdættir berast embættinu.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
16. **Eskihlíð 29, (fsp) bílskúr** (01.7) Mál nr. SN220696
 Skjalnr. 14728
 Jón Ásgeir Sigurvinsson, Eskihlíð 29, 105 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Jóns Ásgeirs Sigurvinssonar, dags. 31. október 2022, um að byggja bílskúr á lóð nr. 29 við Eskihlíð. Einnig lagt fram uppd. dags. 25. nóvember 1982, hluti eignaskiptayfirlýsingar dags. febrúar 2015 og hluti af yfirlýsingu seljanda íbúðar 201 við Eskihlíð 29 ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Fossvogur, Kringlumýrarbraut og Suðurhlíð, framkvæmdaleyfi** (01.8) Mál nr. SN220464
 Skjalnr. 12982
 Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabær
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Vegagerðarinnar dags. 25. júlí 2022 um framkvæmdaleyfi vegna gerð strætóstöðva í Fossvogi ásamt færslu og lengingar fráreinar af Kringlumýrarbraut að Suðurhlíð. Gera skal stíga að strætóstöðvum, þverun stígs á Suðurhlíð og þrengja syðsta hluta Suðurhlíðar. Aðlaga skal hljóðmön vegna færslu fráreinar, aðlaga fláa og ganga frá landmótun vegna afvötnunar stíga og gatna. Einnig er lagt fram teikningahefti Hnit verkfræðistofu dags. í júní 2022 og útboðslýsing Hnit verkfræðistofu dags. í apríl 2022. Erindi var grenndarkynnt frá 30. september 2022 til og með 28. október 2022. Eftirtaldir sendu

athugasemdir: Friðrik Sigurðsson og Magnea S. Magnúsdóttir dags. 6. október 2022, Þórarinn G. Pétursson og Kristín Þórðardóttir dags. 9. október 2022, Anna Pálsdóttir, Björn Sigurbjörnsson og Jóhanna Björnsdóttir dags. 18. október 2022, Haraldur Sigþórsson dags. 18. október 2022, Viktoría Valdimarsdóttir dags. 18. október 2022, Ragnar Halldór Hall dags. 18. október 2022, Guðni Sigfússon og Anna M. Björnsdóttir dags. 18. október 2022, Sigríður Kristín Pálsdóttir og Snæbjörn Þór Ólafsson dags. 19. október 2022, Guðríður Gísladóttir og Ragnar Halldór Hall dags. 23. október 2022, Eggert Gunnarsson dags. 24. október 2022, Sigrún Kelleher dags. 25. október 2022, Þóra Sigríður Jónsdóttir f.h. húseiganda að Suðuhlíð 36 dags. 26. október 2022, Hrafnhildur Grace Ólafsdóttir dags. 26. október 2022, Auður Pálsdóttir f.h. Jóhönnu Björnsdóttur dags. 26. október 2022, Anna Björg Halldórsdóttir dags. 26. október 2022, Árni Samúelsson dags. 26. október 2022, Sigríður Svana Pétursdóttir og Jón Sigurðarson dags. 26. október 2022, Þóra Eyjólfsdóttir dags. 27. október 2022, María Friðjónsdóttir dags. 26. október 2022 og Þorbjörg Jónsdóttir og Jóhannes Kristinsson dags. 28. október 2022. Einnig eru lagðir fram tölvupóstar Björns Sigurbjörnssonar og Önnu Pálsdóttur dags. 18. og 22. október 2022 þar sem óskað er eftir fundi og betri kynningu og tölvupóstar Jóns Sigurðarsonar dags. 20. og 24. október 2022 þar sem óskað er eftir fundi og frekari upplýsingum/gögnum.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

- 18. Skeljanes 15, Breytt notkun mannvirkis úr** (01.66)

skemmu í verknáms- verkstæði Tækniskólans.

Tækniskólinn ehf., Skólavörðuholti, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. október 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun matshluta nr. 38 og 39 úr flugskýli/skemmu í verknámshús, hús á lóð nr. 15 við Skeljanes. Einnig eru lagðir fram uppdrættir Tendra, 2. apríl 2008, br. 1. maí 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2022.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. nóvember 2022, samþykkt.

Mál nr. BN061599
Skjalnr. 14720
- 19. Blesugróf 30, (fsp) hækkun á hámarks** (01.885.3)

gólfkóta 1. hæðar

Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. október 2022 var lögð fram fyrirspurn Sýrfells ehf., dags. 21. júní 2022 ásamt bréfi ódags. um hækkun á hámarks gólfkóta 1. hæðar hússins á lóð nr. 30 við Blesugróf. Einnig var lagður fram lagna uppdr. dags. í febrúar 1974, hæðarblaði dags. í nóvember 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022. Erindi er lagt fram að nýju ásamt nýrri fyrirspurn Sýrfells ehf. dags. 27. september 2022 og bréfi dags. 27. september 2022 þar sem óskað er eftir útskýringum á fimmta lið í umsögn skipulagsfulltrúa. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. nóvember 2022, samþykkt.

Mál nr. SN220395
Skjalnr. 13691
- 20. Grensásvegur 1, breyting á deiliskipulagi** (01.460.0)

Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur
Batterið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. mars 2022 var lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 10. mars 2022 um breytingu á deiliskipulagi "Skeifan - Fenin" vegna lóðarinnar nr. 1 við Grensásveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóð er skipt upp í tvo lóðarhluta, samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 10. mars 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.

Mál nr. SN220150
Skjalnr. 5328

21. **Ásvegur 16, breyting á deiliskipulagi** (01.354.3) Mál nr. SN220681
Skjalnr. 14465
Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík
Ásthildur Björgvinsdóttir, Ásvegur 16, 104 Reykjavík
Lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar og Ásthildar Björgvinsdóttur dags. 26. október 2022, um breytingu á deiliskipulagi fyrir Sundin, reitir 1.3 og 1.4 vegna lóðarinnar nr. 16 við Ásveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggja við húsið til norðurs einnar hæðar anddyri með risþaki (kvisti í þaki hússins) sem er einnig látið ganga yfir útitröppur til skjóls, samkvæmt uppdr. KRark dags. 20. október 2022.
Vísað til meðferðar verkefnastjóra.
22. **Bíldshöfði 5, endurnýjun starfsleyfis - ósk** (04.055.6) Mál nr. SN220543
Skjalnr. 14061
um umsögn
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 1. september 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Olíuverslunar Íslands um endurnýjun starfsleyfis vegna bensínstöðvar að Bíldshöfða 5. Óskað er eftir umsögn um gildistíma endurnýjunar og staðsetningu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. nóvember 2022, samþykkt.
23. **Arnarhlíð 2, (fsp) nýting atvinnurýma á 1. hæð** (01.629.5) Mál nr. SN220632
Skjalnr. 14654
NH eignir ehf., Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. október 2022 var lögð fram fyrirspurn NH eigna ehf. dags. 28. september 2022 ásamt greinargerð ALARK arkitekta f.h. NF eigna ehf. dags. 27. september 2022 um tvær hugsanlegar lausnir að nýtingu atvinnurýma á 1. hæð hússins á lóð nr. 2 við Arnarhlíð. Annars vegar gerð 10 íbúðareininga, þrjár sem snúa að Smyrilshlíð og sjö sem snúa að Arnarhlíð, ásamt hugsanlegri nýtingu húshorna fyrir aðra starfsemi t.d. verslun og kaffihús í bland við hótelfarfsemi. Hins vegar 100% nýtingu atvinnurýmis undir íbúðahótel þar sem gert væri ráð fyrir 17 íbúðareiningum í rýminu, samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta ehf. dags. 27. september 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. nóvember 2022, samþykkt.
24. **Baldursgata 30, málskot** (01.182.2) Mál nr. SN220698
Skjalnr. 8476
Magna Fríður Birnir, Lerkihlíð 9, 105 Reykjavík
Lagt fram málskot Mögnu Fríðar Birnis dags. 31. október 2022 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 6. október 2022 um að breyta atvinnuhúsnaði á lóð nr. 30 við Baldursgötu í íbúð. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs til afgreiðslu.
25. **Faxafen 8, (fsp) skilti** (01.466) Mál nr. SN220663
Skjalnr. 9057
Örninn Hjól ehf., Faxafeni 8, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Arnarins Hjóls ehf., dags. 18. október 2022, um að skipta út núverandi flettiskilti fyrir stærri LED skjá á lóð nr. 8 við Faxafen. Einnig lögð fram ljósmynd ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

26. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar, (fsp)** (01.63) Mál nr. SN220684
Skjalnr. 9008
breyting á deiliskipulagi
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Vísindagarðar Háskóla Ísl ehf., Bjargargötu 1, 102
Lögð fram fyrirspurn Háskóla Íslands, dags. 27. október 2022, ásamt bréfi ASK Arkitekta ehf., dags. 7. júní 2022, um breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða til að flýta fyrir uppbyggingu á svæðinu og einfalda. Lagt er til að lóðirnar nr. 1 og 3 við Ingunnargötu verði sameinaðar og að reist verði bygging sem að öllu leyti þjónar hagsmunum samfélagsfræða, nýsköpunar og háskóla.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Hringbraut 110, (fsp) gististaður í kjallara** (01.139.2) Mál nr. SN220694
hússins Skjalnr. 7509
Miguel Angel Vásquez Araya, Hringbraut 110, 101 Reykjavík
Hrafnhildur Magnúsdóttir, Hringbraut 110, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Miguel Angel Vásquez Araya og Hrafnhildar Magnúsdóttur, dags. 25. október 2022, um rekstur gististaðar í aukaíbúð í kjallara hússins á lóð nr. 110 við Hringbraut. Einnig lagt fram bréf umsækjenda dags. 20. október 2022, teikning sem sýnir nýtingu á rýmum, dags. 19. október 2022 og ljósmyndir ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
28. **Laufásvegur 10, Svalir - 0402** (11.834.01) Mál nr. BN061229
Skjalnr. 11196
Stefanía Hrönn Guðrúnardóttir, Digranesvegur 68, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að gera svalir á íbúð 0402 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 10 við Laufásveg. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.
29. **Laugavegur 28D, Endurbætur inni, svalir,** (01.172.209) Mál nr. BN059729
kvistur Skjalnr. 13644
Dómus ehf, Smyrlahrauni 1, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. október 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja kvisti á báðar þekjur þaks, og stál svalir á hverja hæð til suðurs, auka lofthæð kjallara auk þess sem endurbyggja á og betrubæta á innviði í tengslum við viðhald í íbúðarhúsi á lóð nr. 28D við Laugaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2022.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2022.
30. **Laugavegur 86-94, (fsp) breyting á notkun** (01.174.3) Mál nr. SN220690
Skjalnr. 7278
Aron Snær Arnarsson, Laugavegur 30B, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Arons Snæs Arnarssonar, dags. 21. október 2022, um breytingu á notkun íbúðar merkt 203 í húsinu á lóð nr. 86-94 við Laugaveg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

31. **Reykjafold 9, (fsp) stækkun á bílskúr** (02.870.3) Mál nr. SN220637
Skjalnr. 14717
Lárus Steinar Karlsson, Reykjafold 9, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. október 2022 var lögð fram fyrirspurn Lárusar Steinars Karlssonar dags. 7. október 2022 ásamt bréfi dags. 7. október 2022 um stækkun á bílskúr á lóð nr. 9 við Reykjafold til suðausturs, samkvæmt uppr. Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 7. október 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, 3. nóvember 2022, samþykkt.
32. **Skólavörðustígur 6B, (fsp) kaffihús** (01.171.2) Mál nr. SN220689
Skjalnr. 10456
Chatime - Is ehf., Breiðvangi 9, 220 Hafnarfjörður
Yanan Li, Breiðvangur 9, 220 Hafnarfjörður
Lögð fram fyrirspurn Chatime - Is ehf., dags. 25. október 2022, um rekstur kaffihúss í húsinu á lóð nr. 6B við Skólavörðustíg.
Vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra.
33. **Sólvallagata 14, (fsp) breytingar á húseign og lóð** (01.160.2) Mál nr. SN220230
Skjalnr. 13541
Arkís arkitektar ehf., Vesturvör 7, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf. dags. 26. apríl 2022 um breytingar á húseign og lóð nr. 14 við Sólvallagötu. Einnig var lögð fram tillaga að nokkrum mögulegum útfærslum lóðar og húseign. Jafnframt var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. júní 2022. Fyrirspurn er nú lögð fram að nýju ásamt nýrri tillögu dags. 20. október 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
34. **Sæviðarsund 100, (fsp) - stækka hús með garðhýsi** (01.411.303) Mál nr. BN061481
Skjalnr. 14640
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. september 2022 þar sem spurt er hvort leyft yrði að byggja viðbyggingu á suðvesturhlíð einbýlishúss á lóð nr. 100 við Sæviðarsund. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2022.
35. **Víðimelur 66, Bílskúr** (01.524.006) Mál nr. BN061443
Skjalnr. 14708
Árni Grímur Sigurðsson, Víðimelur 66, 107 Reykjavík
Steinunn Þórðardóttir, Víðimelur 66, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. október 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. október 2022 þar sótt er um leyfi til að byggja skúr, staðsteyptar undirstöður og botnplata, útveggir og þak úr timbri, í norðurhorni lóðar við húsi á lóð nr. 66 við Víðimel. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Víðimel 68 og Hringbraut 87 og 89.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1051/2022.

36. **Tjarnargata 37, (fsp) bílskúr** (01.142.3) Mál nr. SN220514
Skjalnr. 12657
Heiðarlax ehf, Vesturbrún 18, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Heiðarlax ehf. dags. 12. ágúst 2022, ásamt greinargerð/skissu gb design dags. 5. ágúst 2022 um að koma fyrir bílskúr við norðurhlið hús á lóð nr. 37 við Tjarnargötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 3. nóvember 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. nóvember 2022.
37. **Þjóðarhöll í Laugardal, undirbúningur fyrir** (01.39) Mál nr. SN220688
breytingu deiliskipulags Skjalnr. 5451
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 27. október 2022 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á svohljóðandi tillögu borgarstjóra, dags. 25. október
2022: Lagt er til að borgarráð samþykki að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að vinna deiliskipulag á grundvelli meðfylgjandi tillögu framkvæmdanefndar um staðsetningu Þjóðarhallar. Jafnframt verði eignaskrifstofu fjármálasviðs falið að afla mats á verðmæti landsins.
Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.
38. **Grettisgata 75, (fsp) svalir** (01.191.0) Mál nr. SN220601
Skjalnr. 9685
Markús Darri Maack, Grettisgata 75, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Markúsar Darra Maack dags. 7. september 2022 um að setja svalir á suðurhlið hússins á lóð nr. 75 við Grettisgötu, samkvæmt fylgiskjölum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3.nóvember 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. nóvember 2022, samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:35.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Jóhanna Guðjónsdóttir